

## **217. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**26. júní 2012, kl. 8:30. Austurvegi 56.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. SORPUferð 10-13. júní.**

Lagt var fram minnisblað frá ferðinni.

### **2. Grænt bókhald SOS árið 2011.**

Lögð fram skýrsla um grænt bókhald SOS vegna ársins 2011. Þar sem engin móttaka var á sorpi eða endurvinnanlegum efnum á vegum SOS fylgir ekki yfirlit yfir orku- og hráefnanotkun né áritun endurskoðenda. Grænt bókhald SOS 2011 samþykkt og undirritað.

### **3. Gassöfnun Kirkjuferjuhjáleigu.**

Lagður fram tölvupóstur frá Umhverfisstofnun, dagsettur 21. júní 2012. Þar kemur meðal annars fram að ekki er nauðsynlegt að tryggja söfnun hauggas frá urðunarstöðum sem hefur verið lokað eða eru í lokunarferli. Til kynningar.

### **4. Drög að landsáætlun um úrgang.**

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 15. júní 2012. Ráðuneytið hefur undanfarið unnið að útgáfu landsáætlunar um meðhöndlun úrgagns 2013-2024. SOS er gefin kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við drögin fyrir 15. ágúst 2012. Framkvæmdastjóra falið að afla gagna fyrir næsta fund.

### **5. Önnur mál.**

#### **a. Aðalfundur Orkugerðarinnar.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málefnum Orkugerðarinnar.

#### **b. Bréf UST frá 15. júní 2012.**

Lagt fram til kynningar.

**Næsti fundur áætlaður 9. ágúst 8:30**

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10:30**